

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um byggðapróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Sverrir Hermannsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, að á árinu 1980 verði gerð byggðapróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins í samvinnu við heimamenn.

Áætlunin verði lögð til grundvallar við fjárveitingar og aðgerðir af opinberri hálfu í þágu byggðarlagsins á árinu 1981 og framvegis.

Greinargerð.

Staða Borgarfjarðar eystra er um margt erfiðari en annarra byggðarlaga á Austurlandi, ef frá er talinn Skeggjastaðahreppur. Íbúum hreppsins fækkaði um nærri þriðjung á tímabilinu 1960—1975, eða úr 348 í 246, en síðustu árin hefur íbúatalan haldist nokkurn veginn óbreytt. Um 20 jarðir með um 100 manns eru í byggð í sveitinni, en nálægt 140 eru búsettir í Bakkagerðisþorpi, þangað sem allmargir úr sveitinni sækja atvinnu sína.

Verulegt og árvísið atvinnuleysi hefur verið í hreppnum yfir vetrarmánuðina, einkum á tímabilinu frá nóvember til apríl, og þegar verst gegnir hafa þannig verið um og yfir 30 manns á skrá um atvinnulausa, sbr. eftirfarandi töflu.

Borgarfjarðarhreppur, N-Múl. Atvinnulausir á skrá árin 1975—1979.

Ár	Fjöldi												
	íbúa	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.
1975 ..	246	12	9	11	10	11	0	0	0	0	0	19	29
1976 ..	235	23	verkf.	9	4	3	6	0	0	0	4	15	16
1977 ..	237	22	12	10	8	0	0	0	0	0	3	21	34
1978 ..	246	30	34	28	18	1	0	0	0	0	4	18	28
1979 ..		32	28	28	28	12	5	0	0	0	0	10	

Atvinnuleysisdagar skv. þessari skráningu urðu samtals 1954 á árinu 1976, 2381 á árinu 1977 og 3470 á árinu 1978.

Þessu mikla atvinnuleysi veldur fyrst og fremst ótraust undirstaða í atvinnumálum byggðarlagsins, einkum vegna slæmrar hafnaraðstöðu, sem hindrar útgerð stærri fiskiskipa. Skilyrði til hafnargerðar eru erfið frá náttúrunnar hendi og smábátalægi, sem verið hefur í byggingu við Hafnarhólma við austanverðan fjörðinn, er enn ófullgert. Leyfir það ekki útgerð stærri báta en 10—20 tonna, nema veruleg stækkun og mannvirkjagerð komi til.

Frá Borgarfirði er þannig fyrst og fremst um trilluútgerð að ræða, grásleppuveiðar á útmánuðum, handfæraskak yfir sumarið og línuveiðar á haustin. Í Bakkagerði er allvel búið frystihús í eigu Kaupfélags Héraðsbúa með um 12 tonna afkastagetu á dag, en það nýtist aðeins lítinn hluta úr ári. Auk frystihússins eru þar tvö saltfiskverkunarhús og beinamjölsverksmiðja. Afar brýnt er að tryggja undirstöðu atvinnulífs á staðnum með miðlun á fiskafla og bættri aðstöðu til útgerðar með hafnarbótum. Við núverandi aðstæður virðist afar óeðlilegt að láta 7 daga þorskveiðibann í ágústbyrjun taka til útgerðar eins og þeirrar, sem stunduð er frá Borgarfirði eystra, þaðan sem aðeins er unnt að sækja sjó í 4—5 mánuði á ári.

Landbúnaður í Borgarfirði eystra byggir nær eingöngu á sauðfjárrækt og stendur nokkuð höllum fæti. Veldur því m. a. riðuveiki, sem herjað hefur um árabíl og valdið verulegum búsisfjum á nokkrum bæjum, en einnig koma til samgönguferfiðleikar og vöntun á raforku frá samveitu á tveim jörðum í Njarðvík. Er þá ekki gert ráð fyrir að byggð verði endurreist í Víkum og Loðmundarfirði fyrst um sinn, en þar eru margar eyðijarðir. Slæmt tíðarfar með sprettu undir meðallagi sl. sumar bitnaði hart á bændum í Borgarfirði eins og víðar í útsveitum á Norð-austurlandi. Gera þarf úttekt á stöðu landbúnaðar í hreppnum og áætlun um eflingu hans innan ramma byggðaþróunaráætlunarinnar. Skilyrði til búskapar eru á margan hátt góð í Borgarfirði eystra, miklir ræktunarmöguleikar og grösugar afréttir.

Við iðnað annan en fiskvinnslu starfa 10—15 manns og er þar fyrst og fremst um að ræða saumastofu, sem komið var á fót haustið 1978 að frumkvæði heimanna. Hins vegar hefur lagst af trésmíðaverkstæði, þar sem m. a. voru smíðaðir allt að 11 tonna bátar. Athuga þarf möguleika á að fjölga störfum í iðnaði á Borgarfirði í samráði við þá, er nú vinna að iðnþróunaráætlun fyrir Austurland. Á þetta ekki síst við um þjónustuiðnað, sem vantar nær alveg í byggðarlaginu.

Varðandi samgöngur er byggðarlagið fremur illa sett, einkum að vetrarlagi. Flugsamgöngur á vegum Flugfélags Austurlands hafa verið líftaug byggðarinnar undanfarnin ár og þótt endurbætur hafi verið gerðar á flugbraut og við flugskýli að undanförmu eru frekari lagfæringar nauðsynlegar og ekki síst varðandi öryggisbúnað, svo sem lýsing við flugvöll og radióvíti. Á landleiðina er ekki að treysta að vetri til, nema til komi verulegar lagfæringar á veginum milli Egilsstaða og Borgarfjarðar. Þó er talið að með tiltölulega litlum tilkostnaði við vegabætur mætti halda leiðinni opinni til muna lengur en nú er. Í því sambandi ber að hafa í huga líkurnar á að hafís teppi sjóleiðina á þessum slóðum, og er þörfin fyrir öruggar samgöngur á landi þeim mun brýnni, einkum síðari hluta vetrar og að vorlagi. Um hafnaraðstöðu var áður fjallað, en vegna strandferðaskipa er m. a. brýnt að halda við og bæta aðstöðu við bryggju í þorpínu. Úrbætur í samgöngumálum verða að teljast eitt brýnasta viðfangsefni byggðaaætlunar fyrir Borgarfjörð eystra.

Ýmis þjónusta er ófullnægjandi í hreppnum, m. a. vegna samgönguferfiðleika. Flugsamgöngur skipta miklu fyrir heilbrigðisþjónustu, en byggðinni er í því tilliti þjónað frá Egilsstöðum og er Borgarfjörður nú hluti af Egilsstaðalæknishéraði. Aðstaða er fyrir læknamóttöku í þorpínu, en huga þarf að stækkun hennar.

Það sem hér hefur verið nefnt og fleira ótalið ætti að sýna ljóslega þörfina fyrir samræmt átak til að treysta byggð í Borgarfjarðarhreppi, þar sem landkostir eru um margt góðir og verulegur þróttur í fólki heima fyrir. Hefur mörgu þokað þar til betri vegar á síðustu árum og fólksflótti að mestu verið stöðvaður. Hlutfall ungs fólks í hreppnum á aldrinum 15—24 ára er talsvert yfir meðaltali þess sem gerist á Austurlandi, en ónóg atvinna að vetrarlagi knýr það til að fara að heiman eða húa ella við atvinnuleysi og mun lægri tekjur en almennt gerist. Það getur því ráðið úrslitum um þróun byggðar í hreppnum, að ráðin verði bót á ótryggu atvinnuástandi þar fyrr en seinna.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti gera sem allra fyrst byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjörð eystra, þannig að unnt sé að nýta niðurstöður hennar til markvissra aðgerða þegar á árinu 1981. Ýmsar grunnupplýsingar, sem að gagni mega koma við slíka áætlunargerð, eru fyrirbyggjandi í „Austurlandsáætlun“, sem unnin hefur verið á vegum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Heima fyrir á Borgarfirði er ríkur áhugi, m. a. hjá sveitarstjórn, að leggja lið til að treysta þar undirstöður áframhaldandi byggðar. Umrædd áætlun á að stuðla að því, að skipulega verði unnið að þeim málum og á sem hagkvæmastan hátt.